

NÓNHÆÐ KÓPAVOGI



Samráðsfundur um skipulag svæðisins.

Kristján Snorrason, fyrir hönd K.S. Verktaka boðar til samráðsfundar um skipulag Nónhæðar.

Fundurinn verður haldinn að Kópavogstún 6 íbúð 105

mánudaginn 14.september kl. 20.00

Markmið

Markmið fundarins er að kalla íbúa aðliggjandi húsa, Foldarsmára 2-22, að borðinu til umræðna um mótun síns nánasta umhverfis. Á fundinum fá íbúar tækifæri til að kynna sér drög að breyttri skipulagstillögu og koma sínum hugmyndum og sjónarmiðum á framfæri. Í kjölfarið munu hönnuðir svæðisins vinna að því að aðlaga skipulagið eftir fögum til móts við óskir íbúanna.

Umræddur fundur er sá fyrri af tveimur, en í kjölfarið verður boðað til síðari fundar þar sem uppfærð tillaga verður kynnt og útfærð nánar.

Samráð

Haft er samráði við íbúa að Foldarsmára, sem eiga sín lóðarmörk að svæðinu eða liggja að svæðinu. Horft er til þess að útfærsla hverfisins verði með þeim hætti að hagsmunir íbúa jafnt sem byggingaraðila séu hafðir að leiðarljósi. Útfæra megi hverfið á þann hátt það svæði sem myndast milli núverandi húsa og þeirrar byggðar sem eftir á að rísa, styrki stöðu beggja þegar upp er staðið.

Staða verkefnis

Unnið er að nýrri skipulagstillögu út frá hugmyndum um lægri byggð og mun lægri nýtingu lands. Reist hafa verið tvö merki á svæðinu sem afmarka hæð og staðsetningu húsa sem snúa að raðhúsum og eru hugsuð til upplýsingar fyrir íbúa og byggingaraðila. Útbúið hefur verið líkan af nýrri tillögu og verður það til sýnis á kynningarfundinum.

Fyrri fundur:

Fyrri fundur verður haldinn til að kynna íbúum nýja tillögu og hvað liggja til grundvallar þeim hugmyndum, sem gefnar eru til kynna með tveimur stöngum sem reistar hafa verið á landinu. Á fundinum gefst íbúum kostur á að koma sínum hugmyndum á framfæri og taka þátt í umræðum um mótun svæðisins.

Seinni fundur:

Á seinni fundi leggja arkitektar lóðareiganda fram uppfærða tillögu þar sem sjónarmið beggja fá að njóta sín og verður sú tillaga kynnt á fundi og rædd. Í framhaldi að þeim fundi er staðan metin og ákveðið með hvaða hætti er hægt að nálgast málið frekar með það að markmiði að ljúka skipulagi sem tryggir gott umhverfi öllum til hagsbóta.

Það er vona undirritaðs að sem flestir íbúar sjá sér fært að mæta.

Með von um góðar undirtektir
Virðingarfyllst fyrir hönd K.S. Verktaka
Kristján Snorrason